


Páll Guðjónsson

bífreðastjóri á Stokkseyri

verður 40 ára að aldri á morgun, sunnudaginn 23. þ. m. Hér er um óvenjulegan mann að ræða, svo ungur sem hann er að aldri. Afrek hans og dugnaður svo frábær, og þá eigi síður hjálpssemi hans og lipurð í umgengni hans og viðskiptum við fjölda manna, að lofsorði er á það lokið af þeim öllum, undan-
tekingarlaust.

Kona Páls Guðjónssonar, frú Hulda Guðmundsdóttir er manni sínum samhent mjög, og er orð á því gert, hversu góðsöm þau eru og hjálpfús í garð annara manna.

Sé þar um einhverjar framkvæmdir að ræða og nýngar, byggðalagi þeirra til framfara og umbóta á ýmsum sviðum, eiga þau hjónin oftast frumkvæðið að því, að hafizt sé handa með að koma þeim á,



ekki þó seint og síðar meir, heldur strax, og nema þau þá eigi við neglur sér fjárframlög, allrifleg, í því skyni að hrinda þeim af stað svo fljótt og vel sem verða má. Bygging hins myndarlega gistihúss á Stokkseyri, smíði hins vandaða milli-ferðaskips, er annast mannflutninga milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja oft í viku hverri

með marga farþega innanborðs. báðar leiðir, hvort heldur er að nóttu til eða á degi, og loks kaup á nýju og vönduðu orgelharmonium í Stokkseyrarkirkju. — Allt er þetta o. m. fl. greinilegur vottur hugðarmála hjóna þessara, því fyrir atbeina þeirra og riflega þátttöku í kostnaðinum við að koma þeim fljótt og vel í framkvæmd munu þau eiga mestan heiðurinn skilið fyrir það, þótt ýmsir aðrir héraðsbúar hafi brugðizt vel við og stutt drengilega að því með þeim. Hafa þau, hjónin og aðrir héraðsbúar sýnt með þessu og ýmsu fleiru, að félagsandi sá, sem vakinn var til lífs á þessum stöðum meðal ungra manna austur þar fyrir 60—70 árum, hefir eigi kulnað út með öllu, heldur endurvaknað á ný og glæðst furðu fljótt og vel; er gott til þess að vita, og þeim Páli Guðjónssyni og hinni mætu konu hans, er vel trúandi til að efla alla góða viðleitni og glæða þann holla anda og halda honum við.

Son einn eiga þau hjónin, er Hilmar heitir, 9 ára að aldri, efnilegt barn og vel siðað. Af fyrra hjónabandi á frú Hulda dóttur eina og er hún gift hálfsettum kennara við flugherskóla í Ameríku. Er hún listfeng kona, vel að sér og geðþekkt mjög í sjón og reynd. Móðir hennar, frú Hulda er og frábærilega listfeng hannyrðakona, vel málifarin og greind; heimili þeirra er eitt hið prýðilegasta sem hugsast getur.

Eins og kunnugt er, hefir Páll Guðjónsson haldið uppi, og að öðrum þræði um langt skeið, mannflutningum á þjóðveginum milli Reykjavíkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka. Lipurð hans, greiðvikni við farþegana, góð regla og skilsemi á farangri þeirra og nákvæm stundvísir eru

Frh. á 4. síðu.

PÁLL GUÐJÓNSSON

Frh. af 3. síðu —

kostir þeir, sem nauðsynlegir eru í slíkum og þvílíkum langferðum og hefir Páll og bílstjórar hans allir fylgt þeim til hins ítrasta og sýnt lipurð mikla við þessi störf sín. Sama má og segja um Steindór Einarsson og bílstjóra hans. Er það mikilsvert, að til ferðalaga þessa séu jafnan valdir dugandi menn, liprir og ráðagóðir, enda er þess oft full þörf, því leiðin er löng, vegirnir torfærir og váleg veðrin, sem við er að etja, einkum á vetrum. —

Kæri Páll Guðjónsson! Hinir mörgu félagar þínir og mætuvinir minnast þín og konu þinnar á þessum merkisdegi ævi þinnar og senda ykkur hugheilar hamingjuóskir sínar. Sjálfs þín minnast þeir með bróðurlegum kveðjum og fylgja þér í anda, ennþá lengra fram á við á þjóðvegi lífsins, með þeirri ósk, að þér verði jafnan hollt heilum vagni heim að aka til gengis og gæfu öllum góðum málefnum, er krýnd séu farsæld og framstígri þróun um langan tíma enn; þeir minnast og margra ánægjustunda í samverustundum sínum við þig, hins siglaða félagsanda þins og fágætra mannkosta.

Reykjavík, 22. júlí 1944.

Jón Pálsson.